

Nd.

142. Frumvarp til laga

[120. mál]

um breyting á lögum nr. 73 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands.

Flm.: Bragi Jóseppson.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 6. gr. laganna komi ný mgr., sem orðist svo:
Fræðslumálaskrifstofan er sjálfstæð stjórnardeild er lýtur menntamálaráðherra.
Á eftir 2. mgr. 6. gr. laganna komi málsgreinin:
Hið sama gildir um fræðslumálaskrifstofuna.

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 10. gr. laganna komi ný mgr., sem orðist svo:
Fræðslumálastjóri stýrir fræðslumálaskrifstofunni undir yfirstjórn menntamála-
ráðherra.

Á eftir 3. mgr. 10. gr. laganna komi málsgreinin:
Hið sama gildir um fræðslumálastjóra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda frá 10. apríl 1968 og nánar í auglýsingu um skipulagsbreytingu frá 7. maí 1971 var fræðslumálaskrifstofan gerð að deild í menntamálaráðuneytinu.

Með samþykkt þessara laga voru felld úr gildi lög um fræðslumálastjórn frá 1930. Í 2. gr. þeirra laga segir svo: „Fræðslumálastjóri stýrir framkvæmdum í kennslu- og skólamálum. Hann sér um að gildandi lögum og fyrirmælum um fræðslumál sé hlýtt og heimtar allar nauðsynlegar skýrslur um skólahlald í landinu.“ Þá segir einnig að álits fræðslumálastjóra skuli leitað um öll skólamál er undir ráðuneytið hevra og að ráðuneytið geti falið fræðslumálastjóra fullnaðarafgreiðslu einstakra mála.

Lögin um fræðslumálastjórn voru samin í anda þeirrar skólastefnu, sem mörkuð var hér á landi með lögum um embætti fræðslumálastjóra frá 1907, og í anda þess starfs sem fræðslumálastjórnarnir, hver eftir annan, höfðu forystu um innan fræðslumálaskrifstofunnar.

Eftir 1930 og næstu fjóra áratuginu var íslensku skólastarfi stjórnað í anda þessarar stefnu, sem að vísu var ekki alltaf nútímaleg, en þó alltaf áhrifamikil og heilsteypt.

Með sparnaðarlögunum 1968. sem svo voru nefnd, var klippið á afar viðkvæman streng í sögulegu tilliti að því er varðar uppbyggingu og þróun skólamála á Íslandi. Með þessari lagasetningu var bundinn endi á það forvstuhlutverk sem fræðslumálastjóri hafði gegnt í rúma sex áratugi. Þetta forvstuhlutverk er síðan fært yfir í Stjórnarráðið í hendur ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytisins.

Skipulagsbreyting 1968 og 1971 var hugsuð sem liður í ráðstöfun til lækkunar ríkisútgjalda. Flestir, sem til þekkja, munu þó sammála um að breytingin hafi verið afdrifaríkari á öðrum sviðum en þeim að lækka útgjöld og auka hagræðingu. Auk þess hefði mátt ætla að meiri háttar skipulagsbreyting sem þessi hefði verið kynnt og flutt á Alþingi sem sjálfstætt frumvarp, en ekki laumað inn í sparnaðarfrumvarp eins og raun varð á.

Síðasti áratugur hefur verið tímabil mikillar útpenslu, ekki sist hér á Íslandi. Þessa þróun má greinilega merkja í útpenslu hinna ýmsu stofnana þjóðfélagsins,

bankakerfinu, heilbrigðisþjónustunni og samgöngukerfinu svo nokkuð sé nefnt. Innan menntakerfisins er sömu sögu að segja. Deildir menntamálaráðuneytisins eru nú orðnar níu talsins og öll starfsemi ráðuneytisins hefur þanist út jafnt og þétt. Þessi þróun er því að vissu leyti eðlileg ef lítið er á þjóðfélagið í heild.

Flutningsmaður er þó þeirrar skoðunar að uppbygging menntamálaráðuneytisins síðasta áratuginn og rúmlega það hafi markast af stjórnunarlegri óreiðu. Fjölgun starfsdeilda hefur verið handahófskennd og vinnutilhögun og starfshættir innan ráðuneytisins hafa verið með þeim hætti að furðu gegnir að ekki skuli búið að taka í taumana fyrir löngu.

Með þessu frumvarpi er lagt til að skólamál og uppeldismál verði tekin út úr menntamálaráðuneytinu og færð til fræðslumálaskrifstofunnar, sem þá yrði sjálfstæð stjórnardeild undir yfirstjórn menntamálaráðherra. Yfirmaður ráðuneytisins yrði áfram ráðuneytisstjóri og yfirmaður fræðslumálaskrifstofunnar yrði fræðslumálastjóri.

Samkvæmt þessu frumvarpi færi menntamálaráðuneytið með stjórn hinna ýmsu menningarmála, lista, vísinda og alþjóðlegra samskipta á sviði menningarmála. Fræðslumálaskrifstofan færi með uppeldismál og skólamál almennt.

Það er skoðun flutningsmanns að með þessari skipulagsbreytingu megi koma á margvíslegri hagræðingu og mjög tímabærum lagfæringum. Deildum mætti fækka og verkaskipting gerð hagkvæmari en nú er. Þannig mætti gera ráð fyrir tveim deildum í menntamálaráðuneytinu og fjórum í fræðslumálaskrifstofunni. Jafnhliða þessu væri æskilegt að láta framkvæma ýmsar breytingar á umfangi og verkefnum deildanna og gera þær sjálfstæðari starfseiningar. Það er t. d. orðið tímabært að gera fjölmiðlakennslu hærra undir höfði en nú er og víkka út starfsemi þeirrar deildar, sem nefnd er skólarannsóknadeild, og færa þar inn bæði fræðslumyndasafn ríkisins og ríkisútgáfu námsbóka.

Það er skoðun flutningsmanns að með því að aðskilja menningarmálin og skólamálin innan stjórnkerfisins sé lagður grundvöllur að áhrifameiri og virkari stjórnun og um leið skapaður möguleiki til þess að endurskipuleggja starfshætti þessara stofnana og laga þjónustuna að nýjum og breyttum þörfum þjóðfélagsins.